



Félag geislafræðinga

Borgartúni 6 – 105 Reykjavík
S. 588 9770 – geislar@sigl.is

Reykjavík 29. nóvember 2006

Alþingi
Erindi nr. P 133/516
komudagur 1. 12. 2006

Til Nefndasviðs skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um embætti landlæknis.


Félag geislafræðinga gerir eftir farandi athugasemdir við drög að frumvarpi til laga, um embætti landlæknis, sem því var falið til umsagnar.

1. Ítrekuð mótmæli varðandi val á fulltrúum í nefnd, sem skipuð var af Jóni Kristjánssyni heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þann 8. október 2003 til að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu. Því var haldið fram að í henni hafi setið fulltrúar helstu fagstétta heilbrigðisstarfsmanna. Í nefndinni sátu eingöngu fulltrúar lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Enginn fulltrúi var frá mörgum fagstéttum sem sinna stórum hluta heilbrigðisþjónustu og hafa sérstaka þekkingu á þeim sviðum sem þeir starfa á. Með því að sniðganga þessar stéttir var farið á mis við þá sýn sem fæst vegna þekkingar og reynslu þeirra og getur haft mikla þýðingu við endurskoðun laganna.
2. Í lögnum er landlækni falið mikið vald með því gera tillögur um faglegar kröfur og hafa eftirlit með, að þær kröfur séu uppfylltar. Gagnrýnt er að ekki sé frekar skilgreint að fagstéttir sem hafa sérþekkingu á því sviði sem fjallað er um hverju sinni, skuli koma að gerð tillagna og setningu slíkra krafna.
3. Gagnrýnt er að ekki sé skilgreint að fagstéttir, sem hafa sér þekkingu á því sviði sem fjallað er um hverju sinni, eigi að koma að setningu markiða varðandi gæði og gerð og/eða mati á þeim mælikvörðum sem landlæknir styðst við hverju sinni.
4. Mikilvægt er að nýta þá auðlind sem fjölbreyttar og vel menntaðar heilbrigðisstéttir eru, með því að tryggja þeim áhrif, hverri á sínu sérsviði.

Virðingarfyllst

Katrín Sigurðardóttir
Formaður Félags geislafræðinga

f.h. Katrínar Sigurðardóttur v/fjarveru erlendis


Margrét Eggertsdóttir, frkv.stj.